



12. fundur stjórnar Aftureldingar 10. janúar 2011

Fundur settur kl. 17:15 að Varmá

Mætt: Anna Sigríður Guðnadóttir, Ásmundur Pálsson, Guðjón Helgason, Helga Jóhannesdóttir, Jón Pálsson, Sævar Kristinsson. Brynjar Jóhannesson framkvæmdastjóri sat fundinn.

Dagskrá:

- 1) Göngutúr um Varmá, aðstöðumál.
- 2) Fjármál deilda, staða uppgjöra og fjárhagsáætlana. Fundarplan, fundir stjórnar með stjórnnum deilda.
- 3) Samningur við bæinn.
- 4) Upplýsingavefur UMFA
- 5) Félagsgjöld.
- 6) Afreksráð
- 7) Fyrsta kvöldvaka
- 8) Dagsetning aðalfundar og skil ársreikninga deilda og aðalfunda þeirra.
- 9) Önnur mál.

- 1) Stjórnarmenn gengu um íþróttamiðstöðina til að kynna sér þá aðstöðu sem íþróttafélagið hefur á svæðinu. Ljóst að íþróttafélagið þarf betri aðstöðu fyrir sitt starfsfólk og skrifstofuhald og einnig þarf að bæta aðstöðu ýmissa íþróttagreina að ógleymdri félagsaðstöðu sem brýnt er að bæta. Bærinn hefur áætlað 10 milljónir á fjárhagsáætlun 2011 til aðstöðumála að Varmá og fagnar aðalstjórn Aftureldingar því. Aðalstjórn mun funda á næstunni með stjórnnum allra deilda og þar verður meðal annars óskað eftir því að deildirnar leggi fram yfirlit yfir sínar þarfir og óskir hvað varðar aðstöðumál til langs og skamms tíma litið. Aðalstjórn mun leggja fram sínar óskir um ráðstöfun þessa fjár í kjölfarið þannig að best gagnist ungmennafélaginu. Á liðnu hausti, líkt og oft áður, hefur snjóbræðsla á gervigrassvelli ekki virkað sem skildi. Eftir samskipti aðalstjórnar og bæjarins varðandi fyrirkomulag snjóbræðslu hefur verklagi verið breytt hvað varðar snjóbræðslu og leitað faglegrar aðstoðar og ráðgjafar við stillingar á kerfinu. Eftir áramótin hefur verklagi við hitun gervigrassins verið háttáð eins og á völlum í Reykjavík og er það von aðalstjórnar að aðstæður á vellinum verði betri yfir vetrarmánuðina hér eftir.
- 2) Fjármál deilda. Gjaldkeri og framkvæmdastjóri leggja til að fjárhagsáætlanir verði gerðar fyrir almanaksárið. Samþykkt að þannig verði það frá og með þessu ári. Gjaldkeri leggur einnig til að skema fyrir fjárhagsáætlanir verði endurskoðað. Ákveðið að bera þær breytingartillögur undir endurskoðanda. Enn vantar nokkrar fjárhagsáætlanir. Vandamál hafa verið í DK kerfinu en nú á að sjá fyrir endann á því vandamál. Óskað verður eftir því að fulltrúar úr aðalstjórn fái að mæta á næstu stjórnarfundi deilda og ræða ýmis mál sem snerta deildirnar og félagið í heild sinni.

- 3) Samningar við bæinn. Fundur hefur verið haldinn með bæjaryfirvöldum og á þeim fundi var aðalstjórn falið að gera drög að samkomulagi milli aðila. Fyrstu drög voru lögð fram og rædd. Áfram verður unnið að samningagerðinni.
- 4) Upplýsingavefur. Farið yfir verkefnið og staða þess kynnt. Stefnt er að því að opna nýjan vef á aðalfundi félagsins.

Önnur mál. Ákveðið að aðalstjórn fjölgi föstum fundartímum í tvo í hverjum mánuði amk fram á vor og fundi fyrsta og þriðja miðvikudag hvers mánaðar

Dagskrárliðum 5-9 frestað til næsta fundar.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn miðvikudaginn 19. janúar kl. 17:15.

Fundi slitið kl. 19:35

Fundargerð ritaði Anna Sigríður Guðnadóttir ritari stjórnar